



Mynd nr. 3 — Haust.

Hugmynd 81

Myndlist

Valtýr Pétursson

Á vesturgangi á Kjarvalsstöðum er nú ljósmyndasýning, sem gefið hefur verið nafni Hugmynd 81, og er afkastur af starfsemi ljósmyndaklúbbs, sem nokkrir ungir menn hafa stofnað. Klúbbur þessi mun hafa starfað í rúmt ár, og áhugi þessa fólks leynir sér ekki. Þarna eru 60 ljósmyndir, bæði svart/hvítar og litmyndir, og munu höfundar vera 30 talsins. Ekki veit ég deili á þessu fólki, og engar frekari upplýsingar er að fá í sýningarskrá, sem fylgir þessari sýningu.

Þarna kennir margra grasa, og ekki veit ég, hvort nokkurt af þeim verkum, sem þarna eru, getur kallast stórkostlegt, en þau eru afar snotur og gefa til kynna, að þetta fólk allt gerir sér far um að vinna eftir bestu getu. Þarna var að finna nokkrar myndir, sem urðu mér eftirminnilegri en aðrar. Nr. 3, 6, 11, 22, 41, 49 og 52 — allt verk, sem ég hafði ánægju af að kynna. Þarna voru reyndar fleiri myndir, sem minnst hefði mátt á, en ég læt þetta nægja. Hér er um

fyrstu sýningu hópsins að ræða, og verður skemmtilegt að sjá, hverju fram vindur og hvort áhuginn helst sá sami, er þessi hópur fólk kemur fram öðru sinni. Það er myndarlegt hjá þessu unga fólki að taka til hendi og stofna til sýningar á verkum sínum. Það sýnir áráði og djörfung, sem maður tekur ofan fyrir. Þegar ég gekk út af þessari sýningu, hugsaði ég sem svo, að ekki væru allir unglingar á glapstígum í þessu þjóðfélagi.

Af þessu 60 þátttakendum eru aðeins tvær konur. Ekki er því jafnræði milli kynja hér, en látum það kyrt liggja. Enda kemur það ekki málinu við. Þessi sýning er góður vitnisburður um, hvað orðið getur, þegar vilji og áráði er fyrir hendi. Ekkert má láta ógert til að örva framtak sem það, sem hér er á ferð, og hver veit nema meira jafnvægi verði milli kynja, þegar klúbburinn efnir til næstu sýningar.

Ég óska þessu unga fólki allra heilla í starfi og vona, að klúbbur þess fái að dafna og veiti því ánægju og góðan félagsskap. Sýningin var skemmtileg hjá ykkur. Hættið ekki þar með, heldur haldið á brattann og sýnið, að enn er tápmikið æskufólk á þessu landi, sem iðkar sín áhugamál og getur meira en margur heldur. Til hamingju!

Hljómplötur

Finnbogi Marinósson



Pottþétt stuð

Valli og víkingarnir.
Úti alla nóttina/ Til í allt
Steinar ST 15112.

Skotið hefur upp kollinum flokkur manna sem kallar sig Valli og víkingarnir. Enginn veit hver þessi Valli er, en nokkur grunur leikur á hverjir víkingarnir eru. Þessi flokkur lagði leið sína inn í Hljóðrita í byrjun þessa árs og tók upp tvö lög og hafa þau nú verið gefin út á lítilli plötu.

Á hlið A er lagið „Úti alla nóttina“ sem sænska hljómsveitin Attack gerði óhemju vinsælt í Svíþjóð fyrir nokkru. Það er vel til fundið að snúa þessu lagi yfir á ylhýra málið vegna þess að það er mörgum kunnugt og einnig gott, létt og umfram allt grip-

andi. Þeir eru eflaust margir sem eiga eftir að dilla sér með þessu lagi fram á vor og ef ekki lengur. Um lagið á B-hlið „Til í allt“ er best að hafa sem fæst orð, en það gerir lítið annað en að fylla hliðina. Í því lagi opinberaðist það fyrir mér hverjir víkingarnir væru. Um það ber að þegja og skal hver fá að halda sitt. Ekki þurfti langa ihugun til að þekkja þann á bakvið Vallagrímuna, svo þekkt er rödd hans. Valli sýnir skemmtileg tilbrif í fyrri laginu en eitthvað förlast honum í því seinna. Hljómsveitin er að gera það sem henni fellur best og útkoman er eftir því.

Bráðskemmtileg plata sem allir ættu að hafa gaman af.

FM.

Aðföng og frumleiki

Bókmenntir

Erlendur Jonsson

Eiríkur Jónsson: Rætur Íslandsklukkunnar. 409 bls. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1981.

Íslandsklukkan mun alltaf teljast með mestu og bestu verkum Halldórs Laxness. Sumir skipa henni þeirra fremst. Slíkt mat er að sjálfsgöðu einstaklingsbundið. Að einu leyti er það þó á algildum rökum reist: Höfundurinn mun hafa lagt í verkið meiri og margvíslegri vinnu en flest ef ekki öll önnur skáldverk sín. Þó ekki sé beint um sagnfræðilegt skáldverk að ræða er mjög stuðst við sögur af fólki og atburðum frá sautjándu og átjándu öld. Sum nöfn standa óbreytt, t.d. Jón Hreggviðsson, öðrum hefur verið lítillega breytt — t.d. er Jón Grunnvikingur látinn vera Grindvikingur — enn öðrum er gerbreytt, svo sem að Þórdís Jónsdóttir raunveruleikans er látin heita Snæfríður Íslandssól í sögunni.

Allir vissu að Laxness studdist við margs konar heimildir frá um-

ræddum tímum. Hitt hygg ég hafi verið flestum hulið þar til Eiríkur Jónsson tók að birta sínar nákvæmu heimilda- og textarannsóknir hvornig höfundurinn í raun vann verk sitt, hversu víða hann leitaði fanga og á hvern hátt þetta gamla efni umskapaðist í mikils háttar samtímaskáldskap í höndum hans.

Nú varð Íslandsklukkan ekki fyrsta skáldverkið þar sem efni var sótt til sautjándu aldar. Torfhildur Hólm og Guðmundur Kámban höfðu háð sér efni í skáldsögur og Þorsteinn Erlingsson í ljóðaflokk frá sömu öld. Eigi að síður var svo mikið nýjabrum á Íslandsklukkunni, þegar hún kom út, að hún hefði allt eins getað verið fyrsta íslenska skáldverkið sem reist var á sögulegum grunni, þar var ekki nema þá að óverulegu leyti stuðst við reynslu annarra höfunda.

Margt greindi Íslandsklukkuna frá fyrrnefndum skáldverkum, en þó fyrst og fremst stillinn. Laxness studdist meðal annars við kansallistilinn gamla, latínu-slettur lærðra manna og frásagnir sem skráðar voru á fyrri öldum. Ekki er fyrning málsins þó svo

gagngerð að Íslandsklukkan líkist skáldverki sem ætla mætti að skrifað hefði verið um sautján hundruð ef skáldsögur hefðu þá á annað borð verið færðar hér í letur. Lausamálstextar frá sautjándu og átjándu öld eru sem heild allt öðru vísi. Íslandsklukkan er að sjálfsgöðu tuttugustu aldar verk og í hvívetna reist á skoðunum og hugmyndum okkar tíðar. Þetta orðar Eiríkur Jónsson svo:

»Íslandsklukkan er að nokkru tákneleg saga um hugmyndir og viðhorf skáldsins á ritunartíma hennar enda speglar verkið ýmsa þætti úr samfélagsveruleik sköpunartíma síns sem agaðir eru undir markmið verksins.«

Og um stílinn á Íslandsklukkunni segir Eiríkur Jónsson: »Stíll sögunnar ber í sér vissa líkingu stíls sautjándu aldar en þræðir hans liggja allt frá frásagnarhætti fornsagna til nútímásögu.«

Sumar fyrirmyndir, sem Eiríkur tiltekur, kunna að koma á óvart. Svo er t.d. um áhrif þau, sem hann telur Laxness hafa orðið fyrir af skáldsögunni *Gone with the Wind* eftir Margaret Mitchell (þýð. Arnór Sigurjónsson) sem hér

Feðgin á ferð

Myndlist

Valtýr Pétursson

Í Norræna húsinu eru þau Sigrún Steinþórsdóttir Eggen og faðir hennar, Steinþór Marinó Gunnarsson, með sýningu á verkum sínum. Þetta er í annað sinn, sem þau feðgin sýna hér í borg á tveim árum, en fyrri sýning þeirra var í hinum sáluga FIM-sal. Þá, eins og nú, voru sýnd teppi frá hendi Sigrúnar og málverk eftir Steinþór. Það er auðvitað engin þörf á að kynna Steinþór Marinó, hann hefur haldið um tvo tugi einkasýninga, en dóttir hans er búsett í Noregi, þar sem hún stundar teppagerð sína, jafnt því að kenna fag sitt. Sigrún er félagi í Textilfélaginu í Reykjavík og hefur haldið margar sýningar á verkum sínum bæði hér á landi og í Noregi.

Það eru kraftmikil teppi, sem Sigrún hefur á boðstólum sem stendur. Hún er ákveðin og nútímaleg í vefnaði sínum, sem er á stundum gerður úr jurt, er vex í Bangladesh, en ekki þori ég að fara með heiti hennar. Ég held þó, að hún sé dálítið í ætt við hampinn. Sigrún notfærir sér þá eiginleika, sem þessi þróttmikla jurt hefur til að bera, og hún gerir sér lítið fyrir og litar hana, eftir því hvað hún ætlar sér hverju sinni. Það eru lifandi og magnaðir straumar í þessum teppum, eitthvað, sem ekki sést á hverjum degi á sýningum. Sá íslenskur vefari, sem vinnur í sama dúr, er, að ég held, Nína Gautadóttir, en hún sýndi verk sín á Kjarvalsstöðum ekki fyrir löngu. Það er annars mikið líf í íslenskum vefnaði um þessar mundir, og virðist vera um nokkurs konar vakningu að ræða. Er það góðar fréttir, og vonandi er hér aðeins um byrjun að ræða á merkilegu tímabili. Sigrún sýnir að sinni 27 teppi, og hafa aðeins tvö þeirra komið áður fyrir almennings sjónir. Það er því mikill afkastur, ef tekið er tillit til, að aðeins tvö ár eru síðan hún sýndi síðast.

Steinþór Marinó sýnir 21 olíumálverk og 33 monotýpur. Þarna er um gerólik verk að ræða. Olíu-



Mynd no. 22 „Fjalladrangar“

málverkin eru í miklu fastari skordum hjá Steinþóri en monotýpur þær, sem hann sýnir. Má án nokkurs efa rekja þessa staðreynd til sjálftrar myndgerðarinnar, sem er miklu ferskari í monotýpunni, en meira unnin og útfærð í málverkinu. Persónulega fannst mér myndir eins og nr. 1, 8 og 11 bera af hjá Steinþóri. Í þeim verkum er hann miklu léttari en í mörgum öðrum olíumálverkum, og hann nær meiri stemmningu í landslagið en þegar hann á við abstraktari hluti. Þetta á hins vegar ekki við um monotýpunnar, sem eru ferskar og hafa litatón, sem er

Steinþóri mjög eiginlegur. Steinþór er af hinni þekktu „listamannafjölskyldu á Suðureyri“, og tvö börn hans fást við myndlist. Svo mætti halda, að þegar þannig hagaði til, væri visst ættarmót að finna í verkunum. Að mínum dómi er það ekki sterkt, en samt finnanlegt, og er það í sjálfu sér mikið hól. Þessi fjölskylda er sannarlega skemmtilegt fyrirbæri í svo litlu þjóðfélagi sem okkar, en það skemmtilegasta við hana er, hve ólíkar stefnur hafa verið teknar á miðin. Það sjáum við á verkum Steinþórs Marinós Gunnarssonar og barna hans.